



Árskýrsla æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Loga

2010-2011



Æskulýðsnefndin:

Sigurlína Kristinsdóttir
Helena Hermundardóttir
Sigriður Guðmundsdóttir
Líney Sigurlaug Kristinsdóttir
Helga María Jónsdóttir

Æskulýðsstarfið hófst að venju í október á reiðtygjaþrífum. Nefndin hélt fund í september þar sem farið var yfir árið. Við í nefndinni vorum mikið þakklátar fyrir þann mikla heiður sem hestamannafélaginu hafði verið sýndur, en formaður félagsins Guðrún Magnúsdóttir var nýkomin heim með Æskulýsbikar LH sem veittur var á Landsþingi á Akureyri. Við getum verið stolt af þessum árangri enda æskulýðsstarfið í miklum blóma og frábær þátttaka barna og unglinga í öllum viðburðum félagsins.

Nefndin hefur að jafnaði staðið fyrir 6-7 viðburðum á hverju ári, en nú var boðað til breytinga. Upp var komin sú hugmynd að vera með Uppsveitadeild fyrir börn og unglinga í Loga, Smára og Trausta. Þessi mótaröð hafði verið haldin árinu áður fyrir fullorðna, með þeirri undantekningu að tveir unglingar voru í liði Loga. Leitað var til æskulýðsnefnda félagana um að standa að og sjá um mótin.

Mótin tókust í flesta staði vel. Það voru á bilinu 10-13 börn og unglingar í Loga sem skráðu sig að jafnaði á hvert mót og mátti þarna sjá ótrúlegar framfarir hjá ungum knöpum. Þau stóðu sig frábærlega vel, sum voru að leggja á skeið í fyrsta skipti og aðrir að reyna sig í gangskiptingum og faglegri reiðmennsku.

Álfareiðin var farin í Reykholti á þrettándanum. Farin var kyndlaganga með hesta í forreið frá Reykholti að Friðheimum, þá voru hin hefðbundnu vetrarmót haldin og reiðnámskeið 12-13 mars.

Í maí fengu við skemmtilegt heimboð, en hjónin á Kjóstöðum, Gunnar Rafn Birgisson og Þóra Björk Schram buðu börnum og unglingum í heimsókn. Þarna fengum við kærkomið tækifæri til að gera eitthvað með þeim börnum sem ekki hafa hest að staðaldri en eru dugleg í æskulýðsstarfinu. Við settum upp þrautabraut fyrir allan aldur og höfðu hesta til láns þannig að allir gætu tekið þátt. Þá var einnig boðhlaup á hesti og fæti sem var virkilega skemmtilegt. Við kunnum þeim Gunnari og Þóru bestu þakkir fyrir yndislegt heimboð.

Dagskrá ársins var svo með hefðbundnu sniði. Æskulýðsdagur í maí að Friðheimum, reiðnámskeið í júní og firmakeppni ásamt útreiðartúrnum okkar í lok sumars. Það var sérlega glæsilegur æskulýðsdagur í Friðheimum en hann hefur verið haldinn ár hvert í samstarfi við Friðheima og kennsluna sem fram hefur farið í vali í grunnskólanum í Reykholti. Knútur Ármann hefur séð um þessa kennslu með frábærum árangri, en þetta var seinasta árið hans við kennsluna og viljum við þakka kærlega fyrir okkur í von um áframhaldandi samstarf.

Við í nefndinn þökkum fyrir skemmtilegt ár og er stefnan að halda áfram starfi sem er hestatengt en stuðlar að samveru fjölskyldunnar, þannig að bæði börn og foreldrar hafi gagn og gaman af.

Hér á eftir verður starfið tíundað eftir tímaröð:



Reiðtygjaþríf 22. október 2010


Það voru áhugasamir krakkar sem mættu með reiðtygin í Fellskot. Foreldrar og börn hjálpuðust að við þríf, enda var nánast hægt að spegla sig í hnökkunum eftir að búið var að bera á feitina. Að venju var snætt saman pulsar og fleira góðgæti. Við í nefndinni þökkum heimilisfólkinu í Fellskoti kærlega fyrir aðstöðuna og öllum sem mættu fyrir frábæran dag.



Álfareið 7. janúar 2011

Það var virkilega góð mæting og fjöldi manns sem gengu eða voru á hestbaki í frosti og miklu roki. Að þessu sinni var farið var frá planinu við Aratungu og gengið beina leið að Friðheimum þar sem dúndrandi nýármúsík tók á móti öllum. Þar bauð Grýla upp á heitt kakó og súkkulaðiköku í boði

æskulýðsdeildar. Skólakór Reykholtsskóla söng nokkur lög og eldri borgurum var boðið sérstaklega að koma og fagna með okkur. Þetta er skemmtileg hefð sem hefur mótast hjá okkur og vonandi að hún skapi sér áfram sess í sveitinni.





Vetrarmót í 19. febrúar , 19. mars og 16. apríl

Logi og Trausti hafa haldið í þó nokkur ár sameiginlegt vetrarmót og skipst á að halda þau, þetta eru 3 mót á hverjum vetri. Við höfum ávalt verið áhugasamar um að hvetja börn og unglinga til

þátttöku. Fyrsta mótið var haldið 19. febrúar að Hrísholti, annað 19. mars að Hrísholti í síðasta 16. apríl. 12-14 börn og unglingar tóku þátt í mótinu að jafnaði þetta árið en einungis einn keppandi mætti frá Trausta. Þá héldu Logi, Trausti og Smári sameiginlegt Tölmót á Flúðum 20. Apríl. Þar kepptu 3 börn og 3 unglingar frá Loga. Vetrarmótið ásamt firmakeppninni er það mót sem flest börn og unglingar í sveitinni kjósa að keppa á, og hafa gaman af.



Uppsveitardeild

æskunnar: 12. febrúar 5. Mars, 2. Apríl, 30. Apríl 2011

Mótaröðin var fjórskipt. Fyrst var keppt í smala 12. febrúar, þá var keppt í fjörgangi 5. mars, 2. apríl var fimmgangur fyrir unglinga en þrígangur fyrir börn og 30. apríl var keppt í tölta og fljúgandi skeiði.

Mótið var sett þannig upp að það var frjáls skráning, engin skylda að skrá á öll mót og engin úrtaka. Það er von okkar að þannig getum við haldið mótinu opnu fyrir alla á þeirra forsendum. Þátttakan var mest í smala og þar fengum við inn krakka sem eru dugleg við útreiðar og smalamensku heima fyrir en ekki endilega mikið að keppa. Í fjörganginum reyndi á keppendur að sýna gangskiptingar og í skeiðinu að leggja. Þetta voru ótrúleg tilprif hjá krökkunum og allir virtust hafa gaman af. Skipulagning mótanna gekk vel en heldur fannst okkur vanta áhorfendur utan foreldra og áhangendur.



Æskulýðsdagur í Friðheimum 18.mái 2011

Var fyrir haldinn fyrir 1.-8. bekk í samstarfi við Friðheima, en núna var æskulýðsdagurinn fyrir öll börnin í skólanum. Börnin mættu með kennurum sínum út í Friðheima þar sem teymt var undir þeim yngri. Hugmyndin með þessu

starfi er að kynna fyrir börnunum hestinn og æskulýðsstarfið.



Knútur sýndi áhugasömum krökkunum hvernig hestur er járnaður og unglingar sem eru í valáfanga í Hestamennsku í Friðheimum sýndu hinum yngri ýmis flott atriði: gangtegunðarsýningu, skrautreið í búningum, hesta sem voru í tvítaum og hindrunarstökk. Krakkarnir snæddu svo nesti og héldu aftur til baka út í skólann. Frábær dagur.





Kjóastaðaleikar 14. Maí 2011

Það var góð þátttaka á Kjóastaðaleikunum, laugardaginn 14. maí, en þá buðu Gunnar Birgisson og Þóra Björk Schram, börnum og unglingum í Hestamannafélaginu Loga ásamt foreldrum þeirra í heimsókn til sín að Kjóastöðum. Æskulýðsnefndin hafði skipulagt skemmtilega dagskrá en þar var í boði að fara

þrautarbraut fyrir polla, börn og unglinga, einnig var keppt í boðhlaupi og hægt var að þjálfast í hindrunarstökki undir stjórn Knúts Ármanns. Það var gaman að sjá börnin spreita sig í þrautabrautinni og stemmingin var mikil í boðhlaupinu og hindrunarstöckkinu. Eftir leikana var grillveisla í boði þeirra hjóna og voru allir sælir, mettir og kátir eftir vel heppnaðan dag. Við hjá æskulýðsnefndinni þökkum kærlega fyrir frábæran dag og yndislegt heimboð.



17. júní 2011

Að venju fóru börn og ungmenni frá hestamannafélaginu fyrir skrudgöngunni á 17. júní. Þetta er hátíðleg stund og glæsileg en að þessu sinni voru það Karítas Ármann, Natan Freyr Morthens, Vilborg Rún Guðmundsdóttir, Fjölur Þór Morthens ásamt Sóloni Morthens sem leiddu gönguna og fórst það vel úr hendi en einnig stóðu þau heiðursvörð meðan

fólkið streymdi inn í íþróttahúsið.

Landsmótsundirbúningur

Þegar leið að Landsmóti bauð Logi börnum og unglingum í félaginu upp á aðstoð við undirbúning fyrir mótið. Félagið fékk Pál Braga Hólmarsson í Austurkoti til að koma eina kvöldstund og fara yfir helstu reglur og önnur atriði sem hafa þarf í huga þegar keppt er í barna og unglingaflokki. Þá fengu börnin áframhaldandi leiðsögn eftir því sem hver og einn þurfti.

Reiðnámskeið í mars og í júní

Reiðnámskeið voru haldin hjá félaginu, annarsvegar helgarnámskeið í mars en kennari þá var Sigvaldi Lárusson. Hinnsvegar vikunámskeið hjá reiðkennaranum Sóloni Morthens í júní.



Æskulýðsreiðtúr 26. Ágúst

29 knapar lögðu af stað í skemmtilegan reiðtúr í blíðskaparveðri um Haukadalsskóg, frá Brú um Selhól, og áð hjá kirkjunni. Mjög skemmtilegur grillskáli er í Haukadalsskógi þar sem nefndin bauð uppá grillpýlsur og meðlæti og grillaða sykurpúða. Eftir þessa góðu magafylli var svo riðið til baka um skóginn að Brú. Þetta er einn af hápunktum ársins hjá okkur í æskulýðsstarfinu, og nutu

allir þess að fara í góðan reiðtúr á sumardeg.



Uppskeruhátíð

Lokapunkturinn á árinu hjá okkur er Uppskeruhátíðin okkar en hún var haldin 4. október. Þar veitum við farandgripinn Feyki sem Sigga á Grund skar út en Jóhann Björn Óskarsson gaf í minningu sona sinna, en honum mun verða úthlutað í æskulýðsstarfinu til þess "einstaklings sem á einn eða annan hátt hefur sýnt framfarir á sviði hestamennskunnar og jafnframt verið öðrum góð fyrirmynd." Að þessu sinni hlaut Karítas Ármann skjöldinn, og er hún vel að honum komin. Eftir verðlaunaafhendinguna voru sýnd myndbrot frá landsmótsundirbúningi sumarsins, sem og frá uppsveitadeildarkeppnum vorsins. Að venju var

hlaðborð að hætti Logakrakka, og spjallað var fram eftir kvöldi.

Nefndin vonar að starfið verði áfram skemmtilegt og að Logakrakkar og fjölskyldur þeirra geti skemmt sér áfram á þessum vettvangi. Svo minnum við á heimasíðurnar okkar <http://logakrakkar.blogspot.com/> og <http://hestamannafelagidlogi.bloggarn.is/>

Æskulýðsnefnd Loga